



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. P 132/1345
komudagur 15. 3. 2006

Reykjavík 15. mars 2006

Tilvísun: 2006020171

50.03

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til áfengislaga, 71. mál, áfengisauglýsingar

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar frá 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Rétt er að taka fram að skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum frá nóvember 2001 er unnin út frá forsendum 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998 um algert auglýsingabann. Í því ljósi ber að varast að draga of víðtækar ályktanir um niðurstöður og vangaveltur vinnuhópsins til stuðnings þeirri grundvallarbreytingu sem frumvarpið felur í sér að auglýsingar á áfengi verði frjálssar með ítarlegum, nákvæmum og ótvíræðum undantekningum.

Um 2. gr.

Athygli skal vakin á því að ekki ber saman framsetning á ákvæðum 3. og 4. mgr. og umfjöllun í greinargerð um að samkvæmt frumvarpinu verði óheimilt að auglýsa léttöl, þ.e. sem er að rúmmáli minna en 2, 25% af hreinum vínanda, á ákveðnum tíma dags og í ákveðnum fjölmiðlum. Þar sem léttöl telst ekki vera áfengi sbr. 1. gr. áfengislaga felur frumvarpið eingöngu í sér hömlur varðandi þær tegundir léttöls sem bera sömu merki eða einkenni og sterkt vín, ef þá einhverjar slíkar eru til, og falla þær þá undir auglýsingabann skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi verður að geta þess að tillaga vinnuhóps ríkislögreglustjórans um breytt orðalag 20. gr. var sett fram til að unnt væri að framfylgja áfengisauglýsingabanninu þannig að *"...framleiðendum og þeim sem dreifa áfengi verði gert ókleift að nýta vörumerki sem eru eins eða mjög lík fyrir óáfengt öl og áfengt þannig að villast megi á hvort verið sé að auglýsa áfengi eða aðra drykki"* (skýrsla vinnuhópsins, bls. 26).

Í 3. mgr. 2. greinar er tekið fram að bannað sé að auglýsa sterkt áfengi og því til staðfestingar vísað til 2. mgr. 2. gr. Ekki er með öllu ljóst hvaða tilgangi tilvísun í 2. mgr. þjónar og virðist vera óþörf.


Vænta má umsagnar lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarpið og kann sú umsögn að hafa mikið vægi vegna reynslu embættisins af málum er varða áfengisauglýsingar.

Samkvæmt yfirliti á vef alþingis um umsagnaraðila frumvarpsins þá virðist frumvarpið ekki hafa verið sent ríkissaksóknara.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Að mati ríkislögreglustjórans er æskilegt að nefndin leiti áhlits ríkissaksóknara varðandi fyrirhugaðar breytingar enda embættið æðsti handhafi ákærvalds og fer lögum samkvæmt með eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk varðandi rannsóknir opinberra mála.

F.h. RLS


Steinar Adolffson, lögl. fulltr.